

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta viðskiptanefndar (ÁÓÁ, GSB, BÁ, ÁPÁ, BJJ, JónG, BjörkG, HöskÞ).

1. Við 2. gr.

a. Í stað orðsins „tvær“ í inngangsmálslið komi: fjórar.

b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Dómsmál verður ekki höfðað gegn fjármálafyrirtæki meðan á greiðslustöðvun þess stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki. Má þá höfða mál í umdæmi héraðsdómstóls þess sem veitti heimild til greiðslustöðvunar.

Hafi dómsmál verið höfðað gegn fjármálafyrirtæki sem síðar er veitt heimild til greiðslustöðvunar, þá verður meðferð þess máls ekki framhaldið meðan á greiðslustöðvun stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða og krafist sé refsiviðurlaga sem ákveða má á hendur fjármálafyrirtæki.

2. Efnismálsgrein 3. gr. orðist svo:

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frestdag skal við skipti á búi fjármálafyrirtækis frestdagur miðast við það tímamark er Fjármálaeftirlitið veitti því frest að hætti 4. mgr. 86. gr., skipaði því skilanefnd á grundvelli 100. gr. a, heimild er veitt til greiðslustöðvunar á grundvelli 3. mgr. 98. gr. eða heimild er veitt til þess að leita nauðasamninga sbr. 27. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991. Ef ekkert af þessu er undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa Fjármálaeftirlitsins skv. 1. eða 2. mgr. 102. gr.

3. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Í þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur skipað skilanefnd í á grundvelli 100. gr. a skal miða frestdag við gildistöku laga þessara.